

Innviðaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
Reykjavík

Ísafirði 18. ágúst 2023

**Umsögn; Áform um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun nr 160/2011.
Mál í Samráðsgátt S 141/2023**

Umsögn þessi er unnin að hálfu Vestfjarðastofu fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Forsaga.

Halda ber til haga að forsaga málsins nær allt frá fyrsta áratug þessara aldar og var málið knúíð áfram að hálfu sveitarfélaga á Vestfjörðum, til að bæta samkeppnisstöðu iðnaðarframleiðslu og sjávarafurða til útflutnings, gagnvart öðrum landshlutum. En hár flutningskostnaður skapast vegna fjarlægðar frá markaði, fækkun útflutningshafna um landið og auknum flutningum á þjóðvegum í stað skipaflutninga. Vegakerfi á Vestfjörðum var þá mun lélegra en í öðrum landshlutum m.a. langir vegkaflar með óbundnu slitlagi og vetrarþjónustu á fjallvegum sem ekki svaraði þörfum atvinnulífs og samfélaga. Vegakerfi á Vestfjörðum hefur batnað, en nær enn ekki samanburði við aðra landshluta, og nú er útséð að tímamörk núverandi samgönguáætlunar haldi og endurbótum á stofnvegum verði ekki lokið fyrir en 2026/2027.

Um þessi atriði hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga fjallað í umsögnum við setningu laganna og við breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum

sjá hér <https://www.althingi.is/altext/erindi/140/140-791.pdf>

og hér <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-329.pdf>

Því miður var lítið komið á móts við ábendingar sveitarfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum. Er þess óskað að við breytingu á laga um svæðisbundna flutningsjöfnun að tillögur Fjórðungssambands Vestfirðinga verði teknar að nýju til skoðunar.

Umfjöllun

Þær breytingar sem urðu á markmiðum og framkvæmd verkefnis flutningsjöfnunarsjóðs 2018 var að taka inn stuðning við minni framleiðendur. Fjórðungssamband Vestfirðinga metur það sem svo að hér séu að meirihluta framleiðendur sem selja á innanlandsmarkaði fremur en þeir sem framleiða til útflutnings. Væri æskilegt að fari fram nánari greining á skiptingu framlaga sjóðsins hvað þetta varðar.

Það úrlausnarefni sem hér er til umfjöllunar beinist áfram að því að styrkja hag minni framleiðenda. Forsendur reglna um flutningsjöfnun verði breytt og tryggð verði lágmarksfjárhæð sem ekki komi til skerðingar vegna úthlutunar miðað við fjárhagsramma flutningsjöfnunarsjóðs hverju sinni. Slíkt muni bæta stöðu minni framleiðenda gagnvart fáum en stórum framleiðendum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga mikilvægt að eflur verði stuðningur við minni framleiðendur en gerir athugasemd við að það sé gert á kostnað annarra framleiðenda. Hámark flutningsjöfnunarstyrks á hverju 3 ára tímabili 200.000 EUR eða um 10 mkr að meðaltali ári, og ef viðkomandi fyrirtæki fær stuðning s.s. til vöruþróunar eða nýsköpunar þá skerðist þessi fjárhæð. Hvort það telst meiriháttar stuðningur vill Fjórðungssamband Vestfirðinga efast um að sé réttur og bendir á að stjórnvöld hafa með langvarandi töfum í samgönguúrþótum valdið framleiðendum miklu tjóni.

Benda verður einnig á að fjárhagsrammi flutningsjöfnunarsjóðs hefur dregist saman, en framlög til flutningsjöfnunarsjóðs nema í dag um 60% af framreiknuðu framlagi í byrjun árs 2013 er nam á sínum tíma um 200 mkr en framreiknað miðað við vísitölu neysluverðlags, um 280 mkr. Framlag til sjóðsins nemur í dag um 170 mkr og samkvæmt tillögu að Byggðaáætlun 2022-2036 mun framlagið verða óbreytt til ársins 2026, enda kemur fram í mati á áhrifum lagabreytingar að það muni ekki hafa áhrif á fjárhag ríkissjóðs.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að hér séu komin fram sjónarmið sem kalli á að endurskoða markmið flutningsjöfnunarsjóðs í heild sinni áður en farið er í aðrar breytingar. Telur Fjórðungssamband Vestfirðinga að skoða ætti hvort skipta eigi sjóðnum upp í stuðning til framleiðenda sem framleiða á innanlandmarkað og síðan þá sem framleiða á erlenda markaði. Með þeim hætti gætu stjórnvöld komið með skýrari hætti að stuðningi við framleiðendur sem búa við skerta samkeppnishæfni við fyrirtæki innan stærsta markaðssvæðis innanlands og eða við útflutninghöfn eða alþjóðaflugvöll.

Í annan stað að meta hvort fjárframlög til svæðisbundinnar flutningsjöfnunar séu að uppfylla markmið laga og í áætlunum stjórnvalda um jöfnun aðstæðna atvinnulífs og samfélaga um land allt.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér síðan rétt til að fjalla um framangreint mál á síðari stigum.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri